


Í tillögunum eru gefnir upp valkostir sem eru blekkjandi og sá einn talinn góður sem í tillögunni felst. Kostulegt er að valkostur 2 er í landi Skaftafells II en aldrei var leitað álits eigenda varðandi þann kost.

Breyting á aðalskipulagi þarfnast vandaðs undirbúnings eins og ætlast er til skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en langt er í frá að þess hafi verið gætt af hálfu sveitarfélagsins. Umbj. mínum og íbúum Öræfa eru að berast mikilvægar upplýsingar skömmu áður en umsagnarfrestur er að renna út og þeim gefst því ekki ráðrúm til að vanda tillögur sínar eða umsagnir. Þetta stríðir gegn meginmarkmiðum skipulagslaga og því tel ég að umrædd tillaga um aðalskipulagsbreytingu sé ekki tæk til meðferðar og afgreiðslu að svo stöddu. Ekki þýðir að afgreiða málið með breytingum og athugasemdum. Ferlið verður að byrja að nýju þar sem íbúum Öræfa verður gefinn kostur á að koma með tillögur eða hugmyndir.

Aðalskipulagstillagan varðar mikilvægan þátt í uppbyggingu Öræfa sem ferðamannasvæðis. Það hlýtur að krefjast vandaðs undirbúnings með þátttöku allra sem hagsmuna eiga að gæta.

Virðingarfyllst,



Páll Arnór Pálsson hrl.